

AUGLÝSING

um frestun á gildistöku breytinga á skipan prestakalla.

Með heimild í 2. tölulið ákvæðis til bráðabirgða í lögum um skipan prestakalla og prófastdæma og um starfsmenn þjóðkirkju Íslands, nr. 62 17. maí 1990, er ákveðið að fresta gildistöku eftirtalinna breytinga samkvæmt 1. gr. laganna.

1. Í Rangárvallaprófastsdæmi, sbr. IV. lið 1. gr.

Frestað er niðurlagningu Kirkjuhvolsprestakalls og færslu sókna prestakallsins í Odda- og Fellsmúlaprestaköll.

Ennfremur er frestað færslu Stórolfshvolssóknar úr Oddaprestakalli í Breiðabólstaðarprestakall.

2. Í Snæfellsness- og Dalaprófastsdæmi, sbr. VII. lið 1. gr.

Frestað er niðurlagningu Söðulholtsprestakalls og færslu sókna prestakallsins í Staðastaðarprestakall.

Ennfremur er frestað stofnun Ingjaldshólsprestakalls.

3. Í Þingeyjarprófastsdæmi, sbr. XIII. lið 1. gr.

Frestað er sameiningu Háls- og Staðarfellsprestakalla í eitt prestakall, Ljósavatsprestakall.

Frestun þessi gildir að svo stöddu til 1. janúar 1992.

Auglýsingin öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 21. desember 1990.

Óli Þ. Guðbjartsson.

Anna Guðrún Björnsdóttir.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 590/1987, um bifreiðagjald, með síðari breytingum.

1. gr.

2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Bifreiðagjald skal vera 3,91 kr. fyrir hvert kílógramm af eigin þyngd bifreiðar. Sé bifreið þyngri en 1000 kg skal að auki greiða 1,96 kr. fyrir hvert kílógramm af eigin þyngd bifreiðar sem er umfram 1000 kg. Þó skal aldrei greiða lægra gjald en 2 000 kr. né hærra gjald 11 500 kr. af hverri bifreið á hverju gjaldtímabili, sbr. 1. mgr. 3. gr.

2. gr.

2. mgr. 6. gr. orðist svo:

Fjárhæðir þær, sem hér um ræðir, skulu breytast í fyrsta sinn hinn 1. janúar 1991 í samræmi við mismun sem verður á byggingarvísitölu sem í gildi var hinn 1. júní 1990 og þeirri sem í gildi var hinn 1. desember 1990.